



## Félag háskólakennara

**Aðalfundur Félags háskólakennara**  
**haldinn miðvikudaginn 16. maí frá kl. 15:30 – 17:30**  
**í EDDU, húsi Árnastofnunar fyrirlestrarsal**

Baldvin Zarióh formaður Félags háskólakennara setti fundinn kl. 15:30 og lagði til að Sigríður Jónsdóttir verði fundarstjóri fundarins og Helga Birna Ingimundardóttir ritari fundarins. Það var samþykkt einróma.

Sigríður Jónsdóttir hóf fundinn og sagði að samkvæmt lögum félagsins hefði hann verið löglega boðaður með tveggja vikna fyrirvara. Fundarstjóri áréttaði einnig að hlutkostur verði notaður ef niðurstöður kosninga verði með þeim hætti atkvæði falla að jöfnu.

Dagskrá aðalfundar er samkvæmt 5. grein laga félagsins. Gengið var til dagskrár.

1. Lögð fram ársskýrsla.
2. Lagðir fram kannaðir reikningar félagsins skv. alþjóðlegum stöðlum.
3. Ákveðið félagsgjald og hlutdeild félagsgjalda í kjaradeilusjóð sbr. 3. gr. reglna um sjóðinn.
4. Tillögur um lagabreytingar, ef fram koma.
5. Kosin stjórn, sbr. 8. grein.
6. Kosin kjörnefnd, sbr. 8. grein.
7. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.
8. Önnur mál.

### 1. Skýrsla stjórnar 2023 - 2024

Baldvin Zarióh formaður Félags háskólakennara flutti skýrslu stjórnar. Gildistími núgildandi kjarasamnings er frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024 eða einungis 12 mánuðir. Nýjar launatöflur tóku gildi þann 1. apríl 2023 og hækkuðu laun að meðaltali um 7,2%. Þá var samið um hækkanir á persónu- og orlofsuppbót á árinu ásamt verkáætlun sem verður unnið að á samningstímanum. Samkvæmt verkáætlun verður unnið að betri vinnutíma í dagvinnu fyrir þá hópa sem ekki hafa enn notið styttingu vinnuvikunnar t.a.m. akademískt starfsfólk. Einnig verður unnið að endurskoðun veikindakafla kjarasamninga. Þá var samið um bókun í kjarasamningi er kveður á um að frekari greiningar á kostnaði akademísks starfsfólks vegna langskólamenntunar. Félag háskólakennara gerði einnig bókanir í stofnanasamningi félagsins samhliða undirritun kjarasamnings, m.a. um endurskoðun starfsmatskerfisins SKREFs, um launamál doktorsnema og samgöngustyrki.

Samhliða kjarasamningsvinnunni var þann 23. mars sl. skrifað undir áfangasamkomulag vegna sk. 7. greinar um jöfnun launa milli markaða en það samkomulag var gert í tengslum við breytingar á lífeyrissjóðakerfinu árið 2016. Samkomulagið þann 23. mars var á milli heildarsamtaka (BHM, BSRB og KÍ) við annarsvegar Fjármála- og efnahagsráðherra og hinsvegar við Samband íslenskra sveitafélaga. Í þessu samkomulagi var ákveðið að vinna í leiðréttingu á launum tiltekinna hópa innan tiltekinna stofnana hjá ríki og sveitarfélögum. Í Félagi háskólakennara féllu aðjunktur, lektorar og dósentar undir þetta samkomulag. Skrifað var undir niðurstöðu þann 13. desember sl. en það felur í sér eftirfarandi hækkanir:

- Starfsaldurshækkanir hjá aðjunktum II eftir eitt ár og þrjú ár
- Lágmarksröðun aðjunkt I, lektora og dósentar í launaflokk L09 (var L08)
- Fyrsta launaprep kemur fyrir 20 stig (var 50 stig)

Þessar breytingar á röðun ásamt bókunum með stofnanasamningi sem gerðar voru í aðdraganda kjarasamningsins voru skrifaðar í endurskoðaðan heildarstofnanasamning félagsins og HÍ þann 20. desember 2023. Skrifaðar voru inn nýjar greinar vegna tímabundinna þóknana vegna vinnu við líffræðilega skaðvalda, lífsýni og/eda eiturefni. Sérstök bókun var gerð vegna Raunvísindastofnunar.

Stjórn og framkvæmdastjóri Félags háskólakennara hefur unnið markvisst að kröfugerð og undirbúningi næstu kjaraviðræðna. Stjórn hefur haft tvo lengri vinnufundi og haldnir hafa verið fundir með trúnaðarmönnum. Öll gögn sem félagið býr yfir sýna að félagsfólk hefur dregist aftur úr í launum og óánægja með launakjör hefur aukist mikið á undanförunum árum. Ef fram fer sem horfir mun háskólinn og stofnanir þar sem félagsfólk starfa ekki vera samkeppnishæfar um starfsfólk. Undirbúningur stjórnar fólst m.a. í því að leggja skoðanakönnun fyrir félagsfólk, á haustmánuðum 2023, annars vegar fyrir akademískt starfsfólk með áherslu á matskerfi opinberu háskólanna og hins vegar fyrir starfsfólk stjórnsýslu. Kjarakannanirnar voru unnar í samvinnu með Félagi prófessora við ríkisháskóla (FPR) og Félagi háskólakennara á Akureyri (FHA).

Mikil samvinna hefur verið á milli félagsins, Félags prófessora við ríkisháskóla og Félags háskólakennara á Akureyri í aðdraganda kjarasamninga og félögin sammála um að taka höndum saman í yfirstandandi kjarasamningalotu.

Félögin Fh, FPR og FHA hafa átt í nánu samstarfi við tíu önnur aðildarfélög BHM í komandi kjarasamningsviðræðum. Ákveðið hefur verið að á vettvangi þessa borðs verði ræddar stóru línur væntanlegs kjarasamnings s.s. almennar launahækkanir, gildistími samnings og ýmis réttindamál. En félögin sjálf ræði sín sérmál og kröfur. Frá upphafi hefur Því verið ljóst að þegar að nær dregur undirritunar kjarasamnings gæti kvarnast upp úr hópnum. Fh, FPR og FHA voru frá upphafi mjög skýr á því að sennilegast myndu þau fljótlega fara sér fram með sínar kröfur, vegna sérstöðu félaganna.

Í samráðsnefnd háskólaráðs um kjaramál sem haldnir eru reglulega og eftirtalin atriði hafa m.a. verið til umfjöllunar:

- Launakjör starfsfólks stjórnsýslu vegna upptöku nýs starfsmatskerfis, HERA.
- Launakjör doktorsnema.
- Verklagsreglur vegna ýmissa réttindamála, verði skrifaðar niður og gegnsæjar.
- Stytting vinnuvikunnar, könnun á stöðu.
- Raunvísindastofnun og HÍ.
- Ýmis réttindamál starfsmanna HÍ, s.s. reglur vinnumatssjóðs, samgöngustyrkir/gjaldskyldu, símakostnaður, breytingar á fæðisfé.

Á borði stjórnar hafa einnig verið til umfjöllunar eftirfarandi málefni á liðnum vetri:

- Endurnýjaður stofnanasamningur Árnastofnunar.
- Lögfræðialit vegna kennslufirvinnunnar sbr. ákvörðunar aðalfundar 2023.
- Niðurlagning Sáttmálasjóðs.
- Vinnumatssjóður nýdoktora.
- Rannsóknasjóður sérfræðinga á stofnunum tengdum stofnunum HÍ.
- Húsnæðismál félagsins.
- Málþing 1. mars 2024, niðurstöður skoðanakannanna.
- Málþing 8. maí 2024, um matskerfi opinberra háskóla.
- Staða mála í mælingu kennslustunda til vinnustunda.
- Umsögn 10. nóv. 2023 vegna reglna um fjárframlög til háskóla (reiknilíkan).
- Ályktun 10. janúar 2024 vegna niðurlagningu Sáttmálasjóðs.
- Norrænn fundur í Noregi, júní 2024.
- Yfirvofandi aðgerðir HÍ vegna Hámu og fæðisfjár.

Að lokum þakkaði formaður stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra félagsins gott samstarf á liðnum vetri.

Íris Davíðsdóttir flutti skýrslu Starfsþróunarsjóðs Félags háskólakennara (SFH). Íris sagði m.a. frá því að stjórn sjóðsins hefur lagt mikla áherslu á að kynna sjóðinn og möguleika félagsmanna og stofnana á að nýta sér þau réttindi sem honum fylgja. Þær áherslur hafa sannarlega skilað sér í fjölgun umsókna á liðnum vetri.

## 2. Ársreikningur

Íris Hrönn Guðjónsdóttir gjaldkeri stjórnar, lagði fram og kynnti kannaða reikninga félagsins, kjaradeilusjóðs og Starfsþróunarsjóðs Félags háskólakennara, fyrir árið 2023.

Rekstrarreikningur félagsins ársins 2023 sýndi lítilsháttar tap eða um 182 þús. krónur. Eignarstaða félagsins er góð og nemur handbært fé í árslok rúmum 35 milljónum króna.

Kjaradeilusjóður á eignir sem nema tæpum 132 milljónum króna.

Starfsþróunarsjóður skilaði rúmum 3,7 milljónum króna hagnaði og á eignir sem nema rúmum 206 milljónum króna.

Fundarstjóri gaf fundarmönnum kost á því að koma með spurningar um skýrslu stjórnar og ársreikning.

Einar Guðbjartsson, bað um orðið og benti á að nýjar fundargerðir stjórnar eru ekki birtar á heimasíðu félagsins. Þá spyr hann hvort ekki megi setja álit lögmanns BHM um kennsluþáttir á netið og gera aðgengilega. Hann vildi einnig koma því á framfæri að greiðslur til BHM svokallað hausgjald væri allt of hátt og aðgerð HÍ vegna fæðisfés væri mjög sérstök.

Hervör Árnadóttir, vildi koma á þakklæti til stjórnar fyrir góða vinnu og þakkaði sérstakega fyrir að félagið hafi fallað um samgöngustyrki og væntanlega gjaldskyldu við húsnæði HÍ.

Jens Guðmundur Hjörleifsson, spyr hvert eðlilegt viðmið á handbæru fé ætti að vera í Starfsþróunarsjóð (SFH) vegna þess að fyrir liggur að meiri aðsókn verður í sjóðinn í kjölfar niðurlagningar Sáttmálasjóðs.

Einar Gj. segir að rétt væri að skipa nefnd sem hefði það hlutverk að skoða stöðu sjóðsins með tilliti til stöðunar á Sáttmálasjóði.

Ragna Kemp, spyr hvort möguleiki sé á að hækka hámarksgreiðslur í SFH.

Fundarstjóri bar upp ársskýrslu stjórnar til samþykktar og var hún samþykkt einróma. Þá bar fundarstjóri ársreikninginn upp til samþykktar og var hann samþykktur einróma.

### 3. Félagsgjald og hlutdeild félagsgjalda í kjaradeilusjóð

Tillaga stjórnar var að hækka hlutdeild félagsgjalda í kjaradeilusjóð er með þessum hætti.

„Stjórn Félags háskólakennara leggur til að félagsgjald verði óbreytt frá því sem verið hefur eða 0,55% af heildarlaunum.

Stjórn Félags háskólakennara leggur til að hlutdeild félagsgjalda í kjaradeilusjóð hækki úr 9,1% í 12% frá 1. júní til 31. desember 2024.“

Baldvin talaði fyrir seinni tillögunni og sagði að hún sé fyrst og fremst táknað vegna komandi kjaraviðræðna.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Kolbeinn Hólmur Stefánsson, spyr hverju þetta breyti? Baldvin svarar og segir að hækkunin sé hugsuð til þess að sýna með táknaðum hætti að félagið sé tilbúið til verkfalls ef þarf, með því að stækka kjaradeilusjóð.

Fundarstjóri bar upp báðar tillögurnar og voru þær samþykktar einróma.

### 4. Tillögur um lagabreytingar

Engar tillögur til lagabreytinga lágu fyrir fundinn.

### 5. Kosning stjórnar

Í bréfi kjörnefndar til stjórnar dags. 6. maí 2024 er lagt til eftirfarandi:

Formaður til eins árs:

Baldvin M. Zarióh, deildarstjóri Vísinda- og nýsköpunarsviði.

Meðstjórnendur til tveggja ára: (þrjú sæti)

Ármann Höskuldsson, rannsóknaprófessor Jarðvísindastofnun.

Íris Davíðsdóttir, rekstrarstjóri VON.

Kolbeinn Hólmur Stefánsson, dósent í Félagsráðgjafardeild.

Ragna Kemp Haraldsdóttir, dósent í Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild.

*Fulltrúi launþega á styrk til eins árs:*

Katrín Pálmadóttir Þorgerðardóttir, doktorsnemi á Hugvísindasviði.

Fundarstjóri gerði grein fyrir stjórnarkjöri. Félagsmönnum var sendur tölvupóstur þar sem þeir voru hvattir til að bjóða sig fram til stjórnar Félags háskólakennara og senda framboð til kjörnefndar félagsins. Eitt framboð kom fram til formanns, fjögur um aðra stjórnarmenn og eitt framboð fyrir fulltrúa á styrk. Ljóst var því að kjósa þurfti um þrjú sæti meðstjórnenda til tveggja ára.

Kolbeinn Hólmar Stefánsson tók til máls og gefur kost á sér til eins árs.

Fundarstjóri tilkynnti að sjálfkjörið var í embætti formanns og fékk Baldvin lófaklapp frá fundarmönnum.

Þá tilkynnti fundarstjóri að ekki þyrfti að kjósa um sæti stjórnarmeðlima til tveggja ára þar sem Ármann Höskuldsson, Íris Davíðsdóttir og Ragna Kemp Haraldsdóttir væru sjálfkjörin. Öll hlutu þau lófaklapp fundarfólks.

Kolbeinn Hólmar Stefánsson var kosinn til eins árs og hlaut lófaklapp.

Fundarstjóri tilkynnti að sjálfkjörið var í embætti fulltrúa launþega á styrk og fékk Katrín Pálmadóttir Þorgerðardóttir lófaklapp frá fundarfólki.

## **6. Kosning kjörnefndar**

Tillaga stjórnar um kjörnefnd lá fyrir og var eftirfarandi:

Kjörnefnd:

Anna Jóna Ingu Ólafardóttir.

Kristín Harðardóttir.

Sverrir Guðmundsson.

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar

Engin mótframboð komu fram og var tillaga stjórnar samþykkt með lófaklappi

## **7. Kosning skoðunarmanna reikninga**

Tillaga stjórnar um skoðunarmenn reikninga lá fyrir og var eftirfarandi:

Skoðunarmenn reikninga:

Sigríður Jónsdóttir

Reynir Örn Jóhannesson

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar

Engin mótframboð komu fram og var tillaga stjórnar samþykkt með lófaklappi

## **8. Önnur mál**

Fundarstjóri sagði að þeir sem vilja taka til máls undir öðrum málum gefi merki og kynni sig.

Einar Guðbjartsson tók til máls og ræddi um talningu kennslustunda til vinnustunda sem er mismunandi á milli sviða, spyr hvort félagið sé að beita sér í málinu.

Baldvin Zariöh, sagði frá stýrihópi sem hefur verið með málið til umfjöllunar og stöðu málsins. Svo virðist sem einhver hreyfing sé á málinu.

Ragna Kemp tók til máls og sagði að FVS hafi rýnt í kennslumagn á milli deilda og nú væri það komið inn í jafnréttisáætlun sviðsins.

Ármann Höskuldsson, sagði að félagið hafi haft málið til skoðunar í langan tíma. Ástæða þess að vinnuvika akademískra starfsmanna hafi ekki verið stytta sé m.a. vegna misræmis á talningu kennslustunda til vinnustunda. Nauðsynlegt sé að jafna talningun innan sviða og deilda skólans sem um leið gefur færi á styttingu vinnutímans. Þá sagði hann jafnframt frá starfshópi norrænna systurfélaga um akademískt frelsi. Hann er fulltrúi félagsins í hópnum.

Jens Guðmundur Hjörleifsson, vakti athygli á því að félagið þyrfti að vera vakandi yfir orðalagi kjarasamnings um heimildarákvæði rannsóknaleyfis.

Einar Guðbjartsson, vildi koma því á framfæri við stjórn félagsins að halda reglulega upplýsingafundi um ýmis mál sem eru í brennidepli á hverjum tíma, t.d. um „workload“ og kennsluyfirvinnuna. Hann hefur t.a.m. óskað eftir því í sinni deild að „workload“ verði skoðað í samræmi við evróputilskipun. Því hafi hins vegar ekki verið svarað. Hann vill að félagið beiti sér fyrir því að félagið fái sundurliðað kennslumagn á milli sviða skólans, því það eru lög um jöfn kjör sem banna þessa mismunun.

Sigríður Jónsdóttir tók til máls og sagði að upplýsingagjöf frá HÍ væri ábótavant.

Hilma Gunnarsdóttir tók til máls og spyr hvort búið sé að afnema rannsóknasjóð sérfræðinga.

Baldvin Zarioh, svaraði fyrirspurninni og sagði að eins og staðan er nú, þá virðist staðan vera sú.

Fleiri tóku ekki til máls.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum góðan fund og gaf nýkjörnum formanni orðið.

Baldvin þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund. Bauð nýtt stjórnarfolk velkomið til starfa og þakkaði fráfarandi stjórnarfolki fyrir gott samstarf og störf fyrir félagið.

Þá var fundarstjóra Sigríði Jónsdóttur, sérstaklega þakkað fyrir vasklega fundarstjórn á aðalfundum félagsins síðustu ára og henni færð blóm sem þakklætisvott.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 17:30.

Fundarritari, Helga Birna Ingimundardóttir.